

Umhverfisstofnun Áb. <u>SI KI KG</u>
19 JAN. 2009 <u>44.11</u>
Tilv. <u>UST2008/100/115</u>



Fiskimjölsverksmiðja Bolung ehf.
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 16. janúar 2009
Tilv.: UMH08110118/20-1

Vísað er til erindis yðar, frá 20. nóvember sl. þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi í samræmi við ákvæði 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Í samræmi við ákvæði 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 2. f.m. kemur fram að stofnunin leggst ekki gegn því að fyrirtækinu verði veitt umbeðin undanþága.

Að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar veitir ráðuneytið Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. undanþágu frá starfsleyfi, sbr. ákvæði 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:


1. Rekstraraðili Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. skal fyrir 1. febrúar 2009 senda Umhverfisstofnun gögn skv. 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
2. Rekstraraðili skal starfa í samræmi við starfsleyfi sem gefið var út fyrir Fiskimjölsverksmiðjuna Gná hf. og uppfylla skilyrði þess þar til að nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.
3. Mengunarvarnaeftirlit skal vera í samræmi við eldra starfsleyfi.

Undanþága þessi gildir þar til að nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 31. desember 2009.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Auður Arnardóttir


Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða